



Blóðbaðsbomban krufin, blaðagrein 15. Júní 1937

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Blóðbaðsbomban – Þingmálafund – Hólmavík – Ólafur Thor –
Alþýðublað

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður Bjarna Benediktssonar
Askja 4-1, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Blóðbaðsbomban krufin.

Eftir Bjarna Benediktsson professor.

yfir þessum endalokum og það því fremur sem telja má alveg vafalaust að ekki verði hægt að fá »stúfinn« viðtekinn, eftir að hann nú er niður feldur.

Eg veit engar óbyggjandi sönnur fyrir þessum endalokum. Hefi heyrt að aðalsamningamaður okkar, Hannibal Valdimarsson, segi nú að hann og aðrir umboðsmenn okkar við samningana hafi alveg gleymt þessu atriði samningsins, »stúfinn.« Eg og allir aðrir sjáum að þetta er skrök eitt og blekking.

Við erum farnir að sjá það nú, að við höfum verið gintir út í þessa deilu.

Við og okkar hagsmunir eru fyrir borð bornir svo greinilega sem verða má.

Hinsvegar dylst okkur ekki nú orðið, að þessi deila hefir frá upphafi verið alveg sérstaklega notuð til þess að veida kjósendur hér til fylgis við annan þeirra frambjóðanda til alþingis, sem nú er í kjöri.

Okkur er af stjórnarflokkunum neitað um hjálp í langvarandi aflaleysi og það af því fé ríkissjóðs sem ætlað er til atvinnubóta.

Hinsvegar hefir verið látið liggja að því við suma þiggjendur hjargráðafjárins sem sent hefir verið hingað frá ríkissjóði, að það væri einskonar gjöf eða ölmusa send mönnum af jafnaðarmannastjórninni, eða jafnvel af einstökum mönnum.

Við vildum víst öll óska nú að þessi deila hefði aldrei átt sér stað.

Þorpið okkar hefir tapað miklu fé. Við sjómenn og aðrir verkamenn höfum tapað tveggja mánaða atvinnu.

Þeir sem réðu þessu verkfalli mest, en það var hafið vegna hvatninga frá utanþorpsmönnum, hljóta að sjá og viðurkenna nú orðið, að verkfallið hefir orðið okkur og þorpinu okkar til ills eins, ekki sízt sjómannastéttinni.

Þetta ætti að verða okkur sjómönnum viðvörðun um að fara sjálfir með okkar samningamál, en fela þau ekki eftirleidis þeim sem af pólitískum ástæðum, eða öðru, virðast líft eða ekki hugsa um okkar hag nema hægt sé að hafa okkar not í stjórnámálum eða öðru enn verra.

Eg mun ekki með mínu atkvæði stuðla að pólitísku gengi þeirra manna, sem þykjast hafa verið að vinna okkur gagn, en sem sýnilega hafa unnið að annara hagsmunum en okkar.

Sjómaður.

Sækið vel kjörfundina og styðjið glæsilegan sigur Sjálfstæðisflokksins.

A þingmálafundum í Hólmavík 2. júní s. l. sagði Hermann Jónsson forsætisráðh. frá því, að eftir 9. nóv. 1932 hafi Ól. Thors „sem dómsmálaráðherra“ gefið „fyrirskipun um það, að safna saman 400 manna liði í Sundhöllinni á næturþeli, og taka fasta og varpa í fangelsi 20—30 mönnum, sem talið var, að hefðu staðið að óeirðunum, þar á meðal nokkrum foringjum Alp.fl. Handtökurnar skipaði Ólafur Thors að framkvæma kl. 6 að nóttu.“ „Eg“, segir ráðherrann síðan „neitaði sem lögreglustjóri að framkvæma þessa fyrirskipun og úrskurðaði mig úr málinu, og Kristján Kristjánsson, sem var skipaður setudómari, hafði líka vit fyrir Ólafi Thors. Hann neitaði einnig að framkvæma þetta verk, enda hefði það sennilega leitt blóðbað yfir Reykjavík.“

Alþýðublaðið tók þessi ummæli upp daginn eftir. Gerði það mjög mikið úr þeim, og sagði frá þeim með heilsíðufyrirsögn á fremstu síðu. Enda telur blaðið, að kosningarnar hljóti að snúast um þessi ummæli og þá stefnu, sem þau sýni að Ólafur Thors hafi.

Blað forsætisráðherrans sjálfs tók ummælunum aftur miklu dauflegar. Þagði alveg við þeim næsta dag eftir að þau komu í Alþýðublaðinu, en henglaðist loksins síðan til að skýra frá þeim. Það var fyrst nokkrum dögum síðar, að Jónas Jónsson sá að svo búið mátti ekki standa, og tók sig til að útmála á hinn hryllilegasta hátt þær skelfingar, sem Ólafur hafði ætlað að láta leiða yfir saklausan landslýð.

Ólafur Thors neitaði hinsvegar þegar í stað, að hann hafi nokkuð verið viðriðinn fyrirætlanir í þessa átt. Benti hann þegar í stað á, að Hermann Jónsson, sem 9. nóvember hefði á hinn aumlegasta hátt brugðist skyldum sínum sem lögregluforingi, og hlaupist frá störfum til að dæma dómsmálaráðherra, Magnús Guðmundsson, alsaklausan í tugthúsið, væri sá ólíklegasti maður, sem sérstakur trúnaðarmaður um hvað gera skyldi. Tilkynti Ólafur Hermann, að ef hann tæki ekki ummælin aftur mundi hann tafarlaust höfða mál gegn Hermann.

Hermann endurtók einungis svo fyrri ummæli sín og skipaði, með vafasamri heimild, sérstaka réttarsókn til að fá ummælin sönnuð. Töldu ýmsir, að með því að grípa til svo óvenjulegra ráða sýndi Hermann, að hann hefði hreinan skjöld í málinu. Hermann ákvað sjálfur, hvaða menn skyldi yfirheyra til að sanna sitt mál,

og voru 2 þeirra hinir sömu, sem Alþýðublaðið hafði áður skýrt frá að vissu hið sanna í málinu.

Þessir tveir menn, Kristján Kristjánsson fulltrúi og Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn, voru þeir einu af þeim, sem yfirheyrdir voru, sem gátu gefið skýrslu um það í málinu, sem þýðingu hefir, sem sé, hvort Ólafur Thors hafi gefið umræddar fyrirskipanir eða ekki. Þar sem vitnaframburðirnir voru birtir í síðasta Vesturlandi þarf ekki að fara langt út í þá að sinni.

Rétt er samt að rifja þetta upp:

Kristján Kristjánsson segir, að Ólafur Thors hafi engar fyrirskipanir gefið sér hvorki um fangelsanir né annað, en kveður Ólaf hafa sagt sér, að hann treysti honum (Kr.) að fara með málið eftir því, sem hann (Kr.) teldi réttast.

Hér liggur þannig fyrir skýr yfirlýsing Kristjáns Kristjánssonar um að Ólafur hafi engar handtöku-fyrirskipanir gefið honum. En ekki nóg með það, heldur segir Kristján frá því, að áður en hann var skipaður, hreyfði Guðmundur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri því við hann, hvort rétt væri að handtaka óeirðaseggina. Kristján taldi hinsvegar þegar í stað útilokað, að handtökur færu fram. Ólafur Thors var viðstaddur þessar samræður, en lagði ekkert til um þetta, hvorki með né móti. En eftir að Ólafur var búinn að heyra þessa yfirlýsingu Kristjáns skipaði hann hann sem dómara. Ef nú Ólafur Thors vildi láta umræddar fangelsanir fara fram, eins og Hermann fullyrðir, þá er það útilokað, að hann hefði skipað Kristján sem ransóknardómara eftir fyrgreinda yfirlýsingu hans. Það að Ólafur framkvæmir þá skipun sýnir glögglega, að hann hefir engar fangelsanir haft í huga.

Hitt höfuðvitnið, Erlingur Pálsson, segir að strax eftir bardagann 9. nóv. hafi verið kvatt saman aukalið eftir „fyrirlagi lögreglustjóra, þ. e. Hermanns Jónssonar sjálfs. Nýja aukaliðsöfnun kveður Erlingur lögreglustjórann, þ. e. Hermann Jónsson, hafa fyrirskipað í sambandi við ransókn út af óeirðunum. — „Kveðst vitnið engin fyrirmæli hafa fengið um þetta frá öðrum en lögreglustjóranum“. „Vitnið kveður það hafa verið ákveðið, að liði þessu yrði safnað saman í Sundhöllinni ef til kæmi; og hefði vitnið eftir boði lögreglustjórans fengið leyfi til þess hjá borgarstjóra eða bæjarverkfæringi, að Sundhöllin yrði notuð í þessu skyni, ef til kæmi“.

Erlingur Pálsson staðfestir þannig að vísu, að einhver liðssamdráttur var ráðgerður, en hann upplýsir, að það var Hermann Jónsson, sem hann fyrirskipaði en ekki Ólafur Thors.

Ólafur Thors hefir þannig ekki gefið neinum af þeim, sem yfirheyrdir voru samkv. fyrirlagi Hermanns, þvílíkar fyrirskipanir sem Hermann segir, en það er sannað, að Hermann sjálfur fyrirskipaði eitthvað svipað því, sem hann vill nú koma á Ólaf, og telur glæpsamlegt hjá honum.

Segja mætti, að þó að vitnaleiðslan hafi þannig alveg snúist gegn Hermann sé það ekki óhugsandi, að Ólafur hafi gefið þessa fyrirskipun. En þetta er útilokað af öðrum ástæðum. — Fyrirskipun ráðherra til dómara um, hvað hann eigi að gera sem dómari, í þessu tilfalli að kveða upp gæzluvarðhaldsúrskurð, er þannig allsendis óheimil, og dómara allsendis óskýlt að hlýða henni þó gefin væri. Hermann lætur svo sem hann hafi úrskurðað sig úr málinu til að koma í veg fyrir framkvæmd þessarar fyrirskipunar. En hafi hún verið gefin og Hermann ekki viljað hlýða henni, þá var honum í lófa lagið, að standa gegn henni með því að úrskurða sig ekki úr málinu. En með því að úrskurða sig úr því, opnaði hann leið fyrir Ólaf til að binda skipun nýs dómara, bak við tjöldin, því skilyrði að gæzluvarðhald ætti sér stað. Þessi frásögn Hermanns um fyrirskipun Ólafs, og að hann hafi af þeim sökum úrskurðað sig úr málinu fær því þegar af þessum ástæðum ekki staðist.

En hitt sker alveg úr, að Hermann Jónsson úrskurðar sig úr málinu 12. nóv., en Ólafur Thors verður ekki dómsmálaráðherra fyr en 14. nóv. Ólafur Thors hafði því ekkert ráðherravald á meðan Hermann Jónsson hafði með málið að gera, og er þess vegna alveg útilokað, hvornig sem málinu er snúid, að Ólafur hafi „sem dómsmálaráðherra“ gefið Hermann umrædda fyrirskipun.

Málið liggur því þannig fyrir, að það er óhugsandi, að Ólafur hafi gefið Hermann fyrirskipun í þessa átt, og að vitnin bera, að Ólafur hafi enga fyrirskipun gefið sér, heldur Hermann sjálfur, um sumt af því, er hann ber á Ólaf.

Það er því sannað eins vel og unt er, að Hermann hefir farið með algerlega rangt mál, en Ólafur rétt.

Um framkomu Hermanns má segja, að skiljanlegt sé, að hann hafi verið með þennan liðssafn að 1. nóv. 1932. Maðurinn var þá dauðhræddur um að verða seitur

af embætti vegna allrar framkomu sinnar 9. nóv. Hann hefir því viljað leiða athygli frá fyrri framkomu sinni með því að verða enn ákafari í að halda uppi lögum og rétti en Ólafur Thors, og álitid hentast í því efni, að fara með verkalýðsforingjana á þann hátt, sem Jónas Jónsson lýsir nú svo skelfilega í Nýja dagblaðinu. En á aðstoð Hermanns þurfti ekki að halda, og féllu því niður væntanlegar þingslir hans á þeim Jóni Baldvínssyni, Stefáni Jóhanni og Haraldi Guðmundssyni.

Hitt er að vísu ótrúlegt en samt skiljanlegt, að Hermann skuli, þegar hann finnur, að um alt þrýtur hjá honum á fundum í Strandasýslu, skrökva því upp, að Ólafur Thors hafi ætlað að gera það, sem hann sjálfur gerði.

En óskiljanlegt er með öllu, hvernig Hermann dettur í hug að fyrirskipa þá réttarráðgjafi, sem hann hlaut að vita að mundi afhjúpa hann sem ósannindamann. Sýnist hér vera um að ræða eina af dularfylstu gátum tilverunnar. Rétt er samt að hafa í huga spakmælið gamla, að þann, sem guðirnir vilja eyðileggja, svifta þeir fyrst skynseminni.

Rauðliðar, einkum Alþýðublaðið, og litli bróðir Skutull raunar líka, létu svo alt fram að því, að vitnaframburðurinn var gerður opinber, að kosningarnar hlytu að snúast um þetta mál. Nú er samt orðið annað uppi á teningnum. Hannibal Valdemarsson lýsti því yfir á síðasta þingmálafundi hér, þegar búid var að skýra frá vitnaburðunum og hrekja ósannindavadal þeirra rauðu, að „því miður“ sýndust kosningarnar ætla að snúast um þetta.

Út af fyrir sig má það til sanns vegar færa, að hér hafi ekki verið um neitt höfuðmál að ræða. En eins og rauðliðar hafa túlkað þetta verður það samt stórmál. Um það er sem sé að ræða, hvort öllu velsæmi eigi að kasta fyrir borð í stjórnmalabaráttunni eða ekki. Þeir, sem það vilja, og aðrir ekki, geta hér eftir kosið Framsóknarmenn og sósíalista. Hinir, sem vilja heidarlega baráttu, þótt hörð sé, hljóta að kjósa Sjálfstæðismenn.

Bjarni Benediktsson.

Útvarpsumræður um stjórnmal verða í kvöld og annað kvöld og hefjast bæði kvöldin kl. 8.— Í gærkveldi fóru fram umræður um málefni Reykjavíkur, en flest fór þar á víð og dreif.

33 ísfrzk skólabörn

fóru héðan með Lagarfossi í ferðalag um Suðurland. Í Rvík bættust 4 börn í hópinn, svo þau verða alls 37. Fararstjóri er Helgi Hannesson kennari.

Að lifa á myndum.

Alþýðuflokkurinn hefir gefið út myndaútgáfu af Alþýðublaðinu, sem helgað er Vestfirðingum. Kostnaðarmenn þessa grínmynda-blads eru: Vinnufatagerð Íslands, Ölluverzlun Íslands, Viðtækjaverzlun ríkisins og Raftækjaverzlun Íslands. Myndi þó dýrd þeirra verða smá, ef þeir ættu að lifa af myndum þessum, eða því er þær fyrirstilla. Munu Vestfirðingar meta útgáfu þessa að verðleikum, og sjá að ekki er mikið í boði hjá þeim mönnum, sem ekki hafa betra að bjóða en „flatteraðar myndir.“

Þess skal getið, að útgáfa þessi mun lítið höfð til sýnis hér í bænum; þykir hún ókunnugum best að bjóða.

Veslings sósíalistar. Hafa þeir virkilega ekkert annað á boðstólum nú fyrir kosningarnar annað en flatteringar.

Fundur Ólafs og Hermanns.

Þeir Ólafur Thors og Hermann Jónasson mættust á þingmálafundi að Nesodda í Dölum 12. þ. m. Kvað Ólafur nú mál fyrir Hermann að standa fyrir máli sínu með blóðbaðsbombuna, en vörn Hermanns var svo aum að fundarmönnum blöskraði. Fékk hann hina herfilegustu útreið.

Hermann valtur á Ströndum.

Það er fullyrt af kunnugustu mönnum í Strandasýslu að Hermann hafi verið mjög valtur þar áður en blóðbaðsbomban sprakk, en nú sé honum öll von þrotin. Samvinna Sjálfstæðismanna og Bændaflokksins er þar hin prýðilegasta. Eggjar hver annan, að reka Hermann af höndum sér.

Gísli Jónsson

hefir sótt hart fram í Barðastrandarsýslu, og telja kunnugir líkur fyrir kosningu hans, þótt fylgi Bergs sé mikið af persónulegum vinsældum. Verður flestum ljósara en áður að sá ljóður er á ráði Bergs, sem ekki er hægt að telja sémilegan fyrir alþingismann.

Fylgi Sigurðar Einarssonar hefir stórminkað frá síðustu kosningum, eins og annarstaðar hjá sósíalistum. Er talið víst að hann seili ekki meira en um 250 atkv.

Húsbruni.

Íbúðarhús, fjós og hlaða, eign Friðriks Magnússonar á Látrum í Aðalvík brann að kvöldi 12. þ. m. til kaldra kola, ásamt innanstokksmunum. Húseignin var vátrygd, en húsmunir allir óvátrygd. Þiður Friðrik því mikið tjón. Hefir verið leitað samskota til að bæta tjón hans að einhverju leyti. Fær það eflaust góðar undirtektir.

Sýnishorn af kjörseðli í Ísafjarðarbæ: (Minkaður.)

- Finnur Jónsson
frambjóðandi Alþýðuflokksins.
- X Bjarni Benediktsson
frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins
- A Landlisti Alþýðuflokksins
- B Landlisti Bændaflokksins
- C Landlisti Framsóknarfll.
- D Landlisti Kommúnistafll.
- E Landlisti Sjálfstæðisfl.

Þannig á kjörseðillinn að líta út, er Sjálfstæðisflokkskjósandi hefir kosið rétt.

Sýnishorn af kjörseðli í Vestur-Ísafjarðarsýslu: (Minkaður.)

- Ásgeir Ásgeirsson
frambjóðandi Alþýðuflokksins
- Jón Eyþórsson
frambjóðandi Framsóknarfll.
- X Gunnar Thoroddsen
frambjóðandi Sjálfstæðisfl.

- A Landlisti Alþýðuflokksins
- B Landlisti Bændaflokksins
- C Landlisti Framsóknarfll.
- D Landlisti Kommúnistafll.
- E Landlisti Sjálfstæðisflokksins

Þannig á kjörseðillinn að líta út, er Sjálfstæðisflokkskjósandi hefir kosið rétt.

Atvinnukúgun Finns.

Í Alþýðublaðinu 3. júní s. l. er verið að reyna að verja brottrekstur minn af vélbátum Gunnbirni, eign Samvinnufél. Ísfirðinga, sem Finnur Jónsson er forstjóri fyrir.

Blaðið segir, að eg hafi kallað fram í fyrir Finni Jónssyni á fundi eftir það, að eg var látinn hætta á bátnum og geti eg því ekki hafa verið rekinn þessvegna. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að eg kallaði fram í fyrir Finni á þingmálafundinum, sem hann hélt áður en hann fór suður í

vetur. Eftir það var eg hjá Samvinnufélaginu alla vertíðina og það er fyrst nú í vor, sem eg er rekinn. Verður það að teljast mjög leiðinlegt hjá Alþýðublaðinu að geta ekki sýknað Finn, með öðru móti en því að ljúga alveg frá rótum um alt þetta mál.

Þá segir blaðið, að ekki hafi verið hægt að ráða mig áfram, þar sem eg hafi ekki verið innanhéraðsmaður. Það rétta er þar á móti, að eg er búsettur hér á Ísafirði og er búinn að vera það á annað ár og ennfremur meðlimur í Samvinnufélagi Ísfirðinga síðan 1935, eins og áður hefir verið skýrt frá.

Loksins þyrlar blaðið upp niði og rógi um framkomu mína við yfirmenn mína á sjó og landi svo og við skipsfélaga mína. Alt sem blaðið segir um þetta er tilhæfalaus lygþvættingur samsettur í því eina skyni að reyna að þvo blettina af Finni, og svívirða mig sem alþýðumann og sjómannafélaga. Hitt veit eg, að sumir yfirmenn mínir á landi hafa lagt á mig mikla fæð vegna þess, að eg var og er annarar stjórnmalaskoðunar en þeir. Annars er eg nú búinn að vera á sjó lengst af frá 1916 og hefi yfirleitt verið ár eftir ár hjá sömu mönnum, enda hafa allir mínir yfirmenn ætíð gefið mér hinn bezta vitnisburð, svo sem sjóferðabók mín sannar. Sýnast skrifinnar Alþýðublaðsins óneitanlega leggjast nokkuð lágt með því að ljúga því upp, að eg sé einhver vandræðamaður, sem enginn vilji hafa. Þeir, sem þekkja mig, vita betur.

Þá heldur Alþýðublaðið áfram venjulegri iðju sinni með þeirri ósvífnu lygi, að hér á Ísafirði hafi Sjálfstæðismenn „ekki reynt að gera sér mat úr þessu, því hér þekki allir málavexti.“ En hér hefir þessi atvinnukúgun Finns verið vítt harðast, miklu harðara en í Morgunblaðinu, og sannast sagna er það, að hér hafa allir hinir mestu skömm á henni, nema máské sósabroddarnir, sem þykir það tiltækilegast að beita kúgun, fangelsunum og ógnunum við alla sem þora að mótmæla þeim að einhverju leyti.

Ísafirði, 14. júní 1937.

Gísli Helgason.

Góð notuð eldavél

óskast keypt. Ritstjóri vísar á kaupanda.

Hrífusköft

fást í Timburv. Björk.

Ritstjóri: Arngr. Fr. Bjarnason

Prentstofan Ísrún.